

# SAMÞYKKT

## um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar.

### I. KAFLI

#### Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

##### 1. gr.

##### *Skipan sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Dalabyggðar er skipuð sjö fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

##### 2. gr.

##### *Sjálfstætt stjórnvald.*

Sveitarfélagið Dalabyggð er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

##### 3. gr.

##### *Verkefni sveitarfélagsins.*

Sveitarfélagið annast þau verkefni sem því eru falin í lögum og sbr. leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Sveitarfélagið vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

### II KAFLI

#### Um sveitarstjórn.

##### 4. gr.

##### *Hlutverk sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

##### 5. gr.

##### *Verkefni sveitarstjórnar.*

Meðal verkefna sveitarstjórnar er að:

1. sjá um að lögbundnar skyldur séu rættar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga,
2. kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga,
3. setja sveitarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga,
4. ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og annað starfsfólk í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna,
5. móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarstjórnar reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur,
6. fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhags-áætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga,
7. bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitar-

Nr.

dd.mm.áááá

- stjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma,
8. samþykkja og hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga,
  9. veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga,
  10. setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga,
  11. móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélaga, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga,
  12. móta stefnu fyrir hvert kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun skv. 13. gr. laga um stjórnsýslu jafnréttismála,
  13. staðfesta erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir sveitarstjórnar.

6. gr.

*Ný sveitarstjórn tekur til starfa.*

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af kosningalögum nr. 112/2021. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem lengst hefur setið í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

*Kjör oddvita og varaoddvita.*

Á fyrsta fundi kys sveitarstjórn oddvita og einn varaoddvita. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn.

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi.

Sá telst réttkjörinn oddviti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita.

Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að því loknu.

### III. KAFLI

#### **Fundur sveitarstjórnar og fundarsköp.**

8. gr.

*Fundur sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi sveitarstjórnar, í stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar, annan fimmtudag hvers mánaðar. Þeir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Nr.

dd.mm.áááá

Sveitarstjórnarfundir er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarmanna eða allir taki þátt með rafrænum hætti og fer þá eftir 14. gr. þessara samþykktu.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis og skal byggðarráð þá hafa heimild til fullnaðarafgreiðslu mála meðan á því stendur, sbr. 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

9. gr.

*Boðun sveitarstjórnarfunda.*

Sveitarstjóri boðar fundi sveitarstjórnar í samráði við oddvita.

Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst sveitarstjóra. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sólarhring fyrir fund.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð, dagskrá og gögn með rafrænum hætti.

10. gr.

*Dagskrá sveitarstjórnarfundar.*

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka fyrir:

1. lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu sveitarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess,
2. fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins,
3. ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá,
4. önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri eða oddviti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá, s.s. tillögur eða fyrirspurnir um tiltekin mál sem gert er ráð fyrir að svarað verði á vettvangi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega eða með rafrænum hætti a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir reglulegan fundartíma til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

*Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.*

Fundir sveitarstjórnar skulu haldnir í samræmi 8. gr. samþykktar þessrar. Verði breyting á fundarstað, dag eða tíma skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarfulltrúa, þ.e. tveimur sólarhringum fyrir fyrirhugaðan fund, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

*Opnir fundir sveitarstjórnar.*

Fundir sveitarstjórnar eru opnir og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum

Nr.

dd.mm.áááá

tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tiltekið starfsfólk sveitarfélagsins sé viðstatt. Heimilt er sveitarfélaginu að taka upp og senda út frá fundum sveitarstjórnar sem eru opnir. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

13. gr.

*Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.*

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæða- greiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

*Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.*

Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar, nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins ef aðstæður mæla með því að slíkur búnaður sé notaður. Skal sveitarstjórn, ráð eða nefnd bóka í upphafi fundar hverjar aðstæður sem mæla með notkun fjarfundarbúnaðarins eru.

Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku í fundinum. Fundarmaður skal alla jafna vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir 17. gr. sveitarstjórnarlaga um ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla og auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

*Tvær umræður í sveitarstjórn.*

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra,
2. staðfestingu ársreiknings,
3. stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess,
4. tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða.*

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða og málsnúmer fundarins.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

- a) *Fundarstjórn.* Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
- b) *Vald oddvita.* Skylt er sveitarstjórnarfulltrúa að lúta valdi oddvita í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef sveitarstjórnarfulltrúi ber aðra menn brigsalum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef sveitarstjórnarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef sveitarstjórnarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Ef áheyrandi á sveitarstjórnarfundi raskar fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir eða upptökur í fundarsal sveitarstjórnar.

- c) *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða oddviti ákveði að önnur röð skuli höfð. Oddviti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna þau afbrigði.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra.

Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

- d) *Málfrelsi sveitarstjóra.* Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

- e) *Málfrelsi.* Sveitarstjórnarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu fulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

- f) *Ávarp ræðumanns.* Sveitarstjórnarfulltrúi skal beina máli sínu til oddvita.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarfulltrúa með fullu nafni.

Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.

Ekki má lesa prentað mál nema oddviti leyfi.

- g) *Hve oft má tala.* Sveitarstjórnarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi. Ef sveitarstjórnarfulltrúi vill beina fyrirspurn til sveitarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda hana með sama fyrirvara og um tillögu væri að ræða, sbr. 10. gr. samþykktar þessarar

- h) *Ræðutími.* Telji oddviti að umræður dragist úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum þessarar greinar.

- i) *Tillögur og afgreiðsla.* Sveitarstjórnarfulltrúi getur borið fram tillögu er varða hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

- j) *Réttur til bókungar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru. Ekki skal færa í gerðabók greinargerðir, fyrirspurnir sem gert er ráð fyrir að svarað verði á öðrum vettvangi en í sveitarstjórn eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu sveitarstjórnarfulltrúa eða sveitarstjóra til máls sem til meðferðar er.
- k) *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarfulltrúi, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarfulltrúi óskar og sveitarstjórn samþykkir.
- l) *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.
- m) *Ritun fundargerða.* Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 22/2013, samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 17. gr.

##### *Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.*

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsfólks sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnarsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðra samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 18. gr.

##### *Varamenn í sveitarstjórn.*

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal viðkomandi tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Hafi sveitarstjórn verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í

Nr.

dd.mm.áááá

þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Sameiginleg framboð geta þó komið sér saman um aðra skipan við val varamanna og skal það tilkynnt í upphafi kjörtímabils, sbr. ákvæði 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### IV. KAFLI

##### **Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.**

###### 19. gr.

###### *Skyldur sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Sveitarstjórnarfulltrúa ber að gegna sveitarstjórnarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

###### 20. gr.

###### *Réttur sveitarstjórnarfulltrúa.*

Sveitarstjórnarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmunum sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarfulltrúar hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Vilji sveitarstjórnarfulltrúi ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

###### 21. gr.

###### *Aðgangur að gögnum.*

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Óski sveitarstjórnarfulltrúi gagna sem liggja fyrir í stjórnarsýslu sveitarfélags skal beina því til sveitarstjóra eða skrifstofu sveitarfélagsins sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða eru óvenju viðamikil, er heimilt að bjóða sveitarstjórnarfulltrúa að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins.

Ef beiðni sveitarstjórnarfulltrúa varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í sveitarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings er óheimilt að taka af þeim afrit og fara með þau af skrifstofu, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nr.

dd.mm.áááá

22. gr.

*Siðareglur og góðir starfshættir.*

Sveitarstjórnarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

*Lausn frá störfum.*

Telji sveitarstjórnarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur viðkomandi óskað eftir því við sveitarstjórn að hún létti af honum störfum eða veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Pegar sveitarstjórnarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarfulltrúi flytur um stundarsakir.

Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki viðkomandi aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarfulltrúi missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

*Boðun varamanna.*

Pegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Pegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Pegar fyrirséð er að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Pegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

*Þóknun o.fl.*

Sveitarstjórnarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarfulltrúi fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.



Nr.

dd.mm.áááá

*Réttindi og skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI

**Byggðarráð.**

27. gr.

*Kosning byggðarráðs.*

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í byggðarráð til eins árs. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í byggðarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Ef við á er heimilt að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna og skal kosninga vera með sama hætti og gildir um kjör oddvita og varaoddvita sbr. 7. gr.

Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs. Kosning í byggðarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

Sveitarstjóri situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarfulltrúi og kjörinn í byggðarráð.

28. gr.

*Fundartími byggðarráðs.*

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund fjórða fimmtudag hvers mánaðar, kl. 13:00.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsfulltrúar óska þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

29. gr.

*Boðun funda byggðarráðs.*

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs.

Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Aukafund má boða með eins sólarhrings fyrirvara.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

30. gr.

*Stjórnun byggðarráðs.*

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

31. gr.

*Áheyrnarfulltrúar í byggðarráði.*

Framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en nær ekki kjöri í byggðarráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum byggðarráðs hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í byggðarráði skulu vera aðalmenn í sveitarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn getur samþykkt að aðrir sveitarstjórnarfulltrúar sitji fundi byggðarráðs.

## 32. gr.

*Verkefni byggðarráðs.*

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn. Samþykkt viðauka fer eftir verklagsreglum Dalabyggðar um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun.

Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Byggðarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu.

Byggðarráð fer með hlutverk hafnarstjórnar samkvæmt lögum um hafnamál nr. 61/2003 og stjórn veitustofnana (vatnsveitu/fráveitu), sbr. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, ásamt því að fara með hlutverk stjórnar hitaveitu Dalaveitna ehf. í samræmi við lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 og orkulög nr. 58/1967.

Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

## 33. gr.

*Heimild byggðarráðs til fullnaðarákvörðunar.*

Byggðarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans og hefur sömu heimildir og sveitarstjórn meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við sveitarstjóra um ákvörðunina og ef lög eða eðli máls mæla ekki gegn því.

Ef mál sem byggðarráð hefur heimild til að afgreiða eru samþykkt samhljóða í byggðarráði hefur sveitarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótakvæði kemur fram í byggðarráði við afgreiðslu máls, bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu sveitarstjórnar og á það einnig við þegar byggðarráð afgreiðir mál í sumarleyfi sveitarstjórnar.

## VI. KAFLI

**Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en byggðarráð.**

## 34. gr.

*Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 35. gr.

*Kosning og kjörgengi.*

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að nefnd fyrir hluta sveitarfélags sé kosin af íbúum viðkomandi hluta þess að uppfylltum öðrum skilyrðum 38. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nr.

dd.mm.áááá

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsfólk fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins er ekki kjörgengt í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem viðkomandi starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

Í umhverfis- og skipulagsnefnd, félagsmálanefnd, fræðslunefnd, menningarmálanefnd og atvinnumálanefnd skal sitja a.m.k. einn sveitarstjórnarfulltrúi.

### 36. gr.

#### *Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykkt þessari.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

Heimildir fastanefnda til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra sem hafa í för með sér útgjöld séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk eða fari eftir verklagsreglum sveitarfélagsins um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun.

Þriðjungur fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 2. mgr., getur farið fram á að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd taki ákvörðun í máli.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

### 37. gr.

#### *Endurupptaka máls.*

Eftir að starfsmaður, stjórn, nefnd eða ráð hefur tekið ákvörðun og hún hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 36. gr. til byggðarráðs sbr. nánari ákvæði í viðaukum við samþykkt þessa.

Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

### 38. gr.

#### *Afgreiðsla á fundargerðum.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn/byggðarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Nr.

dd.mm.áááá

39. gr.

*Boðun nefndarfunda.*

Sveitarstjóri boðar nefndir saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema ákvörðun sveitarstjórnar eða lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Heimilt er þó að boða til fundar með styttri fyrirvara ef brýna nauðsyn ber til. Fundir skulu boðaðir með dagskrá.

Fulltrúi í nefnd sem óskar að fá mál tekið á dagskrá nefndarfundar skal tilkynna það formanni nefndar skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

40. gr.

*Fundir nefnda og ályktunarhæfi.*

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Ósk um opinn fund skal beina til formanns nefndar sem sker úr um hvort mál á dagskrá fundar heimila opinn fund.

Nefndum er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótakvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi sem lög eða eðli máls hamla því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

41. gr.

*Fundarstjórn og fundargerðir.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur en að öðrum kosti skulu fundarmenn staðfesta fundargerðir með undirritun. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. ákvæði í samþykkt þessari.

42. gr.

*Varamenn.*

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Sameiginleg framboð geta þó komið sér saman um aðra skipan við val varamanna sbr. sveitarstjórnarlög og skal það tilkynnt í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

43. gr.

*Boðun varamanna.*

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

44. gr.

*Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili með skriflegri tilkynningu til sveitarstjóra. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn

Nr.

dd.mm.áááá

tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

45. gr.

*Áheyrnarfulltrúar.*

Ekki er gert ráð fyrir að áheyrnarfulltrúar sitji fundi nefnda nema lög kveði á um annað.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd og fá greidda þóknun í samræmi við 25. gr.

46. gr.

*Þóknun.*

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

47. gr.

*Önnur réttindi og skyldur.*

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

48. gr.

*Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

49. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.*

#### A. Til eins árs

Kosið á fundi í júní ár hvert:

1. Oddviti sveitarstjórnar.
2. Varaoddviti sveitarstjórnar.

Nr.

dd.mm.áááá

3. *Byggðarráð*. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og 27. gr. samþykktar þessarar.

## B. **Fastanefndir til fjögurra ára**

Kosið á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Umhverfis- og skipulagsnefnd* skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og sama fjölda til vara. Nefndin fer einnig með hlutverk byggingarnefndar skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sinnir hlutverki sveitarfélagsins skv. lögum um landgræðslu nr. 155/2018, náttúruverndarmálum skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og fer með umferðarmál samkvæmt lögum nr. 77/2019. Nefndin fer einnig með málefni sem varða náttúruvernd, umhverfismál, loftslagsmál og úrgangsmál ásamt því að hafa frumkvæði að gerð skipulagsáætla. Nefndin sinnir einnig verkefnum sem viðauki við samþykkt þessa kveður á um. Auk framangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfi.
2. *Félagsmálanefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. lögum um félags- þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar skv. sömu lögum. Nefndin fer með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, sbr. lög nr. 151/2020 um stjórnýslu jafnréttismála og hefur hlutverk húsnæðisnefndar skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Nefndin fjallar um velferðar- og félagsmál í víðum skilningi, málefni aldraðra, sbr. lög nr. 125/1999, málefni er varða þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. lög nr. 38/2018 og heilbrigðismál, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Auk framangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfi.
3. *Fræðslunefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, málefni grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og málefni tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Nefndin fer með málefni dagforeldra, félagsmiðstöðva unglinga, starfsemi frístundaheimila, íþróttamiðstöðva og íþróttavalla. Þá fer nefndin með íþróttamál samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998. Nefndin fer jafnframt með yfirumsjón innleiðingar og framfylgd laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Nefndin fjallar einnig um fræðslumál almennt þ.m.t. framhaldsskólamál og fullorðinsfræðslu. Nefndin fer með æskulýðsmál sbr. æskulýðslög nr. 70/2007 og starfar með Ungmennaráði Dalabyggðar. Auk framangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfi.
4. *Menningarmálanefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin er stjórn Héraðsbókasafns Dalasýslu skv. bókasafnalögum nr. 150/2012, stjórn Byggðasafns Dalamanna, sbr. safnalög nr. 141/2011, og stjórn Héraðsskjalasafns Dalasýslu, sbr. lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Nefndin fer með mál og sinnir stefnumótun á sviði menningarmála, sinnir málefnum félagsheimila, menningarhátíðum og fer með málefni Listasafns Dalasýslu. Auk þess fjallar nefndin um ýmis samstarfsverkefni á sviði menningarmála sem sveitarfélagið tekur þátt í. Auk framangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfi.
5. *Atvinnumálanefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með atvinnu- og byggðarmál í sveitarfélaginu, þar með talin ferða- og markaðsmál og sinnir stefnumótun þar að lútandi. Nefndin fer með einnig með málefni Tjaldsvæðis í Búðardal, Vínlandsseturs og Eiríksstaða. Nefndin sinnir einnig málum er varða stafræna framþróun sveitarfélaga og Nýsköpunarsetur Dalabyggðar. Auk þess fjallar nefndin um kynningar- og markaðsmál hjá sveitarfélaginu og ýmis samstarfsverkefni á sviði atvinnu- og ferðamála sem sveitarfélagið tekur þátt í. Auk framangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfi.
6. *Fjallskilaneindir*. Sveitarstjórn kýs þrjú fulltrúa í hverja nefnd og einn til vara, að frátalinni fjallskilanefnd Suðurdala þar sem eru fimm fulltrúar og þá tveir til vara, sbr. 2. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Nefndirnar eru fjallskilanefnd Skógarstrandar, fjallskilanefnd Suðurdala, fjallskilanefnd Laxárdals, fjallskilanefnd Hvammssveitar, fjallskilanefnd Fellsstrandar, fjallskilanefnd Skarðsstrandar og fjallskilanefnd Saurbæjar.

Nr.

dd.mm.áááá

Sveitarstjórn getur sameinað einstaka nefndir komi fram óskir þess efnis og þá eftir atvikum fjölgað fulltrúum í sameinaðri nefnd. Sveitarstjórn hefur yfirumsjón með fjallskilamálum í samræmi við ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélagið Dalabyggð.

**C. Stjórnir, samstarfsnefndir og ráð til fjögurra ára nema annað sé tekið fram varðandi hverja nefnd**

Kosið á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer kjörtímabil eftir þeim reglum sem gilda í hverju tilviki:

1. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga.
2. *Almannavarnanefnd.* Sveitarstjórn skipar fulltrúa skv. samkomulagi við önnur sveitarfélög á Vesturlandi skv. lögum um almannavarnir nr. 82/2008.
3. *Heilbrigðisnefnd.* Sveitarstjórnir á Vesturlandi kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina sem starfar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund.
4. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins.
5. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Sveitarstjórn kýs aðal- og vara- fulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
6. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund skv. samþykktum samtakanna og tilnefnir fulltrúa í stjórn/varastjórn.
7. *Sorpurðun Vesturlands.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund. Þegar Dalabyggð á fulltrúa í stjórn Sorpurðunar Vesturlands þá skal hann valinn af sveitarstjórn.
8. *Fjölbrautaskóli Vesturlands.* Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa í fulltrúaráð skólans og einn til vara.
9. *Dalagisting.* Sveitarstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og tilnefnir tvo fulltrúa í stjórn og tvo til vara
10. *Samráðsvettvangur Vesturlands.* Sveitarstjórn tilnefnir fulltrúa skv. ákvörðun stjórnar samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.
11. *Fjárfestingafélagið Hvammur.* Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa á aðalfund, tilnefnir tvo fulltrúa í stjórn og jafn marga til vara.
12. *Fóðuriðjan Ólafsdal ehf.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund og tilnefnir einn fulltrúa í stjórn og annan til vara.
13. *Minningarsjóður Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur (Fellsenda).* Oddviti situr í stjórn minningarsjóðsins skv. stofnskrá hans.
14. *Breiðafjarðarnefnd.* Sveitarstjórn tilnefnir aðal- og varafulltrúa.
15. *Mennigar- og framfararsjóður Dalasýslu.* Sveitarstjórn tilnefnir einn fulltrúa í stjórn sjóðsins og tvo skoðunarmenn.
16. *Minningarsjóður Finns Jónssonar frá Geirmundarstöðum.* Sveitarstjórn tilnefnir einn fulltrúa til setu í stjórn til fjögurra ára í senn.
17. *Minningarsjóður Péturs T. Oddssonar (prófasts að Hvammi).* Sveitarstjórn tilnefnir einn fulltrúa til setu í stjórn til fjögurra ára í senn.
18. *Veidifélag Laxdæla.* Sveitarstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og annan til vara vegna eignarhluta Fjósa.
19. *Veidifélag Laxár í Hvammssveit.* Sveitarstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og annan til vara vegna eignarhluta Lauga.
20. *Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.* Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa í nefndina og tvo til vara.
21. *Byggðasamlag um Brunavarnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.* Sveitarstjóri er fulltrúi í stjórn en sveitarstjórn kýs einn til vara.

**D. Samstarfsverkefni**

1. *Barnaverndarþjónusta.* Samkvæmt samningi Akraneskaupsstaðar og Dalabyggðar um

Nr.

dd.mm.áááá

barnaverndarþjónustu, sbr. auglýsing nr. x, fer Akraneskaupsstaður með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum.

**E. Hagsmunaráð**

Kosið til eins árs á sveitarstjórnarfundi í september.

1. *Ungmennaráð*. Sveitarstjórn skipar að tillögu fræðslunefndar fjóra fulltrúa ungs fólks í ungmennaráð skv. æskulýðslögum nr. 70/2007. Ungmennaráð er m.a. sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Dalabyggð.
2. *Öldungaráð Dalabyggðar, Reykhóla og Strandabyggðar*. Sveitarstjórn skipar einn fulltrúa og einn til vara.
3. *Fjölmenningsráð*. Skipað til eins árs í senn, í því sitja þrjú fulltrúar, þar af einn úr sveitarstjórn. Ráðið getur staðið fyrir enskumælandi fundum og er sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni fólks af erlendum uppruna í Dalabyggð.

**F. Verkefnabundnar nefndir.**

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

VII. KAFLI

**Sveitarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.**

50. gr.

*Ráðning sveitarstjóra.*

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

51. gr.

*Hlutverk oddvita.*

Ef ekki er ráðinn sérstakur sveitarstjóri fer oddviti með daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og byggðarráðs og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélags- ins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitar- stjórnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalda í þágu sveitar- félagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

52. gr.

*Hlutverk sveitarstjóra.*

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnslá sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Sveitarstjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og annarra nefnda komist til fram- kvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.



Nr.

dd.mm.áááá

Sveitarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Sá starfsmaður sem sinnir hlutverki staðgengils sveitarstjóra hverju sinni hefur það hlutverk í starfslýsingu sinni.

53. gr.

*Ráðning starfsfólks.*

Sveitarstjórn ræður starfsfólk í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, þ.e. sveitarstjóra og sviðsstjóra og veitir þeim lausn frá starfi.

Sveitarstjóri, í umboði sveitarstjórnar, ræður aðra starfsmenn sem heyra beint undir hann í skipuriti og veitir þeim lausn frá starfi.

Aðrar ráðningar og heimildir forstöðumanna til ráðninga má finna í verklagsreglum um ráðningarmál.

Gera skal skriflega ráðningarsamninga þar sem meðal annars skal kveðið á um kaup og kjör. Um starfskjör, réttindi og skyldur fastráðinna og lausráðinna starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun.

54. gr.

*Framsal sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela einstaka starfsfólki sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu getur ávallt farið fram á að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd skv. samþykktum þessum, taki ákvörðun í máli. Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Þessi grein hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmanna sveitarfélagsins til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélagsins og teljast leiða af stöðumboði þeirra.

Aðili máls skal beina kröfu um enduruptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. mgr. til byggðarráðs sem tekur ákvörðun um málsmeðferð.

55. gr.

*Þagnarskylda starfsmanna.*

Starfsfólk sveitarfélagsins og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

56. gr.

*Um starfskjör og réttindi starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

## VIII. KAFLI

### **Fjármál sveitarfélagsins.**

57. gr.

*Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.*

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,

Nr.

dd.mm.áááá

3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

58. gr.

*Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.*

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Byggðarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Á milli umræðna skal sveitarstjórn kynna undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir íbúum á opnum fundi. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

59. gr.

*Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

60. gr.

*Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. sveitarstjórnarlög og reglur sem settar eru á grundvelli ákvæðisins.

61. gr.

*Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.*

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur

Nr.

dd.mm.áááá

hæri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

62. gr.

#### *Ársreikningur.*

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reiknings-skilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

63. gr.

#### *Endurskoðun ársreikninga.*

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

### IX. KAFLI

#### **Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna**

64. gr.

#### *Samvinna sveitarfélaga.*

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarða um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þau sérlög sem við eiga.

65. gr.

#### *Samningar við einkaaðila.*

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, reglur um skjalavörslu og skil á skjölum, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

### X. KAFLI

#### **Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.**

66. gr.

#### *Samráð við íbúa.*

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til þátttöku og áhrifa á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn skal vinna að því að íbúar sveitarfélagsins geti fengið greinargóðar upplýsingar um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og önnur mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið.

Nr.

dd.mm.áááá

Í því skyni verði eftir því sem best hentar veittar upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins eða á opnum fundum.

67. gr.

*Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.*

Ef 30% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórna og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

XI. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

68. gr.

*Viðaukar um fullnaðarafgreiðslur.*

Samþykkt þessari fylgja viðaukar um fullnaðarafgreiðslu í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og ákvæði samþykktar þessarar.

69. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Dalabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar nr. 391/2018 með áorðnum breytingum.

*Innviðaráðuneytinu, dd.mm.áááá*

## VIÐAUKAR

**við samþykkt um stjórn Dalabyggðar um fullnaðarafgreiðslu nefnda og starfsfólks í stjórnsýslu Dalabyggðar án staðfestingar sveitarstjórnar.**

Með vísan til 36. gr. og 53. gr. samþykktar um stjórn Dalabyggðar eru settir eftirtaldir viðaukar við samþykktina:

Viðaukarnir varða fullnaðarafgreiðslu eftirtalinna nefnda og starfsmanna:

Viðauki I – Umhverfis- og skipulagsnefnd.

Viðauki II – Embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

Viðauki III – Embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.

Viðauki IV – Embættisafgreiðslur sveitarstjóra.

## VIÐAUKI I

**Umhverfis- og skipulagsnefnd.**

## 1. gr.

Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verkssviði nefndarinnar ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c) þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlana

## 2. gr.

Umhverfis- og skipulagsnefnd afgreiðir eftirtalin verkefni án staðfestingar sveitarstjórnar m.t.t. 1. gr.:

1. Fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmda þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaaðili.
2. Ákvörðun um hvort heimilt sé við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
3. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi en framkvæmdin er í samræmi við stefnu aðalskipulags hvað varðar m.a. landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
4. Umsóknir um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
5. Ákvarðanir sem vísa til sveitarstjórnar samkvæmt X. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 um þvingunarúrræði og viðurlög, s.s. að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi.
6. Veitir umsögn um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

## 3. gr.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa að afgreiða mál á starfssviði þeirra, sem heyra undir umhverfis- og skipulagsnefnd, sbr. viðauka II og III. Umhverfis- og skipulagsnefnd, hefur eftirlit með afgreiðslum skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa og skulu þær kynntar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsnefndar.

## 4. gr

Að öðru leyti fer starf nefndarinnar eftir viðeigandi lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar, s.s. hvað varðar hlutverk nefndarinnar, boðun fundar, ritun fundargerðar, fundarstjórn, tilkynningu um fullnaðarafgreiðslu, endurupptöku og leiðbeiningar.

Nr.

dd.mm.áááá

5. gr.

Að uppfylltum skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um endurupptöku, á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint skriflega til byggðarráðs

## VIÐAUKI II

### Embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði umhverfis- og skipulagsnefndar ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c) þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlana.

2. gr.

Skipulagsfulltrúi afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010, án staðfestingar sveitarstjórnar, sem eru á verkefnasviði umhverfis- og skipulagsnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. laganna fyrir framkvæmdum sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
2. Leitar eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
3. Afgreiðir tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu
4. Framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
5. Stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaaðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.
6. Skipulagsfulltrúa er heimilt að senda Skipulagsstofnun samþykkt deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga nema skipulags- og byggingarnefnd ákveði annað.

Skipulagsfulltrúi hefur heimild til að endurnýja útrunna lóðarleigusamninga innan þéttbýlismarka sveitarfélagsins, enda sé það gert í samræmi við skipulagsáætlanir viðkomandi svæða. Jafnframt hefur skipulagsfulltrúi heimild til að undirrita nýja lóðarleigusamninga í samræmi við skipulagsáætlanir.

3. gr.

Afgreiðslur skipulagsfulltrúa sem taldar eru upp hér að framan skulu kynntar á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar.

4. gr.

Að öðru leyti fer starf skipulagsfulltrúa eftir viðeigandi lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar.

5. gr.

Að uppfylltum skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um endurupptöku, á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint skriflega til byggðarráðs.

## VIÐAUKI III

**Embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.**

## 1. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði umhverfis- og skipulagsnefndar ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c) þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum, s.s. stefnu gildandi aðal- og deiliskipulagsáætlana.

## 2. gr.

Byggingarfulltrúi afgreiðir eftirtalin verkefni skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, án staðfestingar sveitarstjórnar, sem eru á verkefnasviði umhverfis- og skipulagsnefndar:

1. Gefa út byggingarleyfi að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 13. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 2.4.4. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum, úthlutunar- og skipulagsskilmálum.
2. Eftirlit með mannvirkjagerð, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

## 3. gr.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa sem taldar eru upp hér að framan skulu kynntar á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar.

## 4. gr.

Að öðru leyti fer starf byggingarfulltrúa eftir viðeigandi lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar.

## 5. gr.

Að uppfylltum skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um endurupptöku, á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint skriflega til byggðarráðs.

**VIÐAUKI IV****Embættisafgreiðslur sveitarstjóra.**

## 1. gr.

Sveitarstjóra eða staðgengli í forföllum hans, er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál þau sem talin eru upp í 2. til 6. gr. þessa viðauka ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c) þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

## 2. gr.

Sveitarstjóra eða staðgengli í forföllum hans, í umboði sveitarstjórnar er samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998, gildandi málsmeðferðarreglum um áfengisveitingaleyfi, lögum um veitinga- og gististaði nr. 85/2007 og gildandi lögreglusamþykkt falið að gefa umsagnir:

- a) vegna veitingar og endurnýjunar rekstrar- og veitingaleyfa,
- b) vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir einstakar skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni og aðra afmarkaða viðburði í samfélaginu.

Nr.

dd.mm.áááá

3. gr.

Sveitarstjóra eða staðgengli í forföllum hans, í umboði sveitarstjórnar er í samræmi við reglur sýslumanns og Umhverfisstofnunar hverju sinni um starfsskilyrði fyrir flugeldasýningar, brennur og sölu skotelda, falið að afgreiða leyfi landeiganda og/eða aðrar nauðsynlegar umsagnir vegna umsókna um flugeldasýningar, brennur og sölu skotelda er slík beiðni berst, ef upplýsingar og fylgigögn eru í samræmi við aðlútandi lög og reglugerðir.

4. gr.

Sveitarstjóra eða staðgengli í forföllum hans, í umboði sveitarstjórnar er samkvæmt reglum um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka falið að afgreiða umsóknir er berast þar að lútandi.

5. gr.

Sveitarstjóra eða staðgengli í forföllum hans, í umboði sveitarstjórnar er í samræmi við reglur um úthlutun lóða, falið að afgreiða umsóknir og samninga vegna endurnýjun lóðarleigusamninga í Búðardal.

6. gr.

Sveitarstjóra eða staðgengli í forföllum hans, í umboði sveitarstjórnar er í samræmi við reglur um úthlutun og leigu á beitar- og ræktunarlandi í eigu Dalabyggðar, falið að afgreiða samninga vegna úthlutunar og leigu á beitar- og ræktunarlandi í eigu Dalabyggðar.

7. gr.

Afgreiðslur sveitarstjóra eða staðgengils í forföllum hans, sem taldar eru upp hér að framan skulu kynntar á næsta reglulega fundi byggðarráðs/sveitarstjórnar.

8. gr.

Að uppfylltum skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um endurupptöku, á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint skriflega til byggðarráðs.

## VIÐAUKI V

### Um framsal til Akraneskaupsstaðar vegna fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu

1. gr.

Dalabyggð hefur falið Akraneskaupsstað að vera leiðandi sveitarfélag þegar kemur að sérhæfðri velferðarþjónustu og felur það í sér að sveitarfélagið hefur framselt valdi til töku ákvarðana sem taldar eru upp í 2. gr. þessa viðauka til Akraneskaupsstaðar. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá bæjarstjórn Akraneskaupsstaðar eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum.

Akraneskaupsstaður hefur heimild til að framselja valdi til töku stjórnvaldsákvæðana til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykktum Akraneskaupsstaðar um stjórn og fundarsköp í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda.

Velferðar- og mannréttindaráð Akraneskaupsstaðar fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu á svæðinu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrir mæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórn og fastanefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvarðanir í barnaverndarmálum, að undanskildum eftirlitsheimildum velferðar- og mannréttindaráðs Akraneskaupsstaðar vegna yfirstjórnar hennar.

2. gr.



Nr.

dd.mm.áááá

Dalabyggð framselur til Akraneskaupsstaðar ábyrgð og ákvarðanatöku í eftirfarandi verkefnum á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 fyrir hönd sveitarfélagsins:

- a) að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögnum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.
- b) ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.
- c) að tryggja gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- d) taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- e) veita aðstoð, sbr. a-e liði 1. mgr. 24. gr.
- f) taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.
- g) taka við forsjá eða umsjá barns og tryggja vistun barns utan heimili á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.
- h) tryggja að farið verði fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e lið 1. mgr. 26. gr.
- i) tryggja að farið verði fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.
- j) tryggja að gerð verði krafa fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.
- k) tryggja að fyrir hendi séu úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.
- l) tryggir að gerð sé krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.
- m) neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.
- n) skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.
- o) tryggja að gerð verði áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.
- p) senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.
- q) taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.
- r) taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla.
- s) ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.
- t) fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir,
- u) gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XII. kafli,
- v) ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 68. og 89 gr.
- w) tryggja gerð tillagna um umgengni barns í fóstur við foreldra og aðra nákomna, sbr. 74. gr.
- x) tryggja gerð tillagna um umgengni barns í vistun við foreldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.
- y) tryggja að fyrir hendi séu tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, a- og b-lið 84. gr.
- z) tryggja að fyrir hendi séu tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.
- aa) sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.
- bb) sem og aðrar stjórnvaldsákvarðanir er starfsfólki barnaverndarþjónustu er falið að taka samkvæmt barnaverndarlögum.

Um valdframsal til nefnda og starfsmanna Akraneskaupsstaðar, málsmeðferð og endurupptöku mála samkvæmt þessari grein er vísað til gildandi viðauka um fullnaðarafgreiðsluheimildir við samþykkt um stjórn Akraneskaupsstaðar enda hefur sveitarstjórn Dalabyggðar ekki boðvald yfir Akraneskaupsstað og starfsmönnum þess.